

Húsakönnun

Kópavogsbær

Auðbrekka 17-27 - þróunarsvæði 4



Október 2025

Unnið af Skipulagsdeild Kópavogsbæjar

Forsíðumyndir:

Loftmynd af svæðinu. Vefslóð: <https://www.map.is/kopavogur>

Samsettar myndir unnar úr teikningum af kortavef Kópavogsbæjar

Aðrar ljósmyndir í húsakönnun teknar í maí 2025 af skipulagsdeild Kópavogsbæjar

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Svæðið	3
Varðveislumat	4
Niðurstöður	4
Húsaskrá	5
Auðbrekka 17.....	5
Auðbrekka 19.....	6
Auðbrekka 21	7
Auðbrekka 23	8
Auðbrekka 25 - 27	9
Yfirlit fyrir þær fasteignir sem eru innan deiliskipulagssvæðisins	10
Fylgiskjal 1, teikningar af kortavef Kópavogsbæjar	11

Inngangur

Húsakönnun fyrir Auðbrekku, svæði 4 er unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Mörk svæðisins sem húsakönnunin nær til eru þau sömu og mörk deiliskipulagsins og nær könnunin til allra húsa innan skipulagssvæðisins.

Húsakönnun þessi er úrtekt og uppfærsla á eldri húsakönnun fyrir stærra svæði „Húsakönnun Auðbrekka og Nýbýlavegur“, dags 22. september 2014 sem var unnin af skipulagsdeild Kópavogsbæjar.

Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 skal húsakönnun unnin samhliða vinnu við deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Þar kemur m.a. fram: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar..“.

Könnunin skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er söguleg samantekt um þróun og mótun svæðisins. Í öðrum hluta er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar í heild sinni og hvers húss fyrir sig. Í þriðja hlutanum er húsaskrá þar sem gerð er grein fyrir helstu atriðum hvers húss fyrir sig.

Svæðið

Svæðið sem húsakönnunin nær til er 6662 m² að flatarmáli og allt í eigu Kópavogsbæjar. Það afmarkast af Auðbrekku og Dalbrekku. Á svæðinu eru sex hús, þar af þrjú stakstæð og tvö samtengd, sem raðast í röð meðfram Auðbrekku. Húsin voru byggð frá árinu 1963 til 1971. Lóðirnar að Auðbrekku 25 og 27 hafa verið sameinaðar í eina lóð. Einnig tilheyrir auð lóð við Auðbrekku 15 svæðinu og eru því samtals 6 lóðir á svæðinu.

Svæðið er skilgreint sem þróunarsvæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og var áður athafnasvæði. Miðað er við að draga úr stærð og umfangi atvinnuhúsnæðis á ofangreindu svæði og byggja þess í stað svæði með blandaðri landnotkun verslun/þjónusta á jarðhæð og íbúðir á efri hæðum.



Auðbrekka, horft til vesturs

Varðveislumat

Tilgangur húsakannana er að leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra húsa á svæði sem verið er að vinna deiliskipulag á. Þegar lagt er mat á varðveislugildi byggðar eru fimm þættir metnir: Listrænt gildi (byggingarlist), menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og tæknilegt ástand. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Til þess að meta húsin voru ýmis gögn notuð. Flest gögn komu frá teikningarvef Kópavogsbæjar. Þar má finna allar teikningar sem til eru á skrá um hverja byggingu. Farið var í vettvangsferð á svæðið og teknar ljósmyndir af núverandi ástandi bygginga.

Niðurstöður

Húsin á umræddu svæði mynda samræmda og heilsteypta götumynd meðfram Auðbrekku og falla vel að landinu. Þau eru byggð á árunum 1964 til 1971 og þjónuðu öll sama tilgangi – atvinnustarfsemi, einkum iðnað. Þrátt fyrir að húsin hafi lágt varðveislugildi út frá listrænu sjónarmiði, þá eru þau vel byggð og bera merki um vandaða framkvæmd og efnisval. Byggingarnar hafa stórt fótspor miðað við litlar lóðir, sem gefur þeim ákveðna sérstöðu innan skipulagsins.

Við mat á varðveislugildi var horft til fimm lykilþátta: byggingarlistar, menningarsögu, umhverfisgildis, upprunalegs gildis og tæknilegs ástands. Í þessu tilfelli vegur byggingarlist lítið, þar sem húsin bera ekki merki um sérstaka fagurfræðilega hönnun eða stíl. Hins vegar er umhverfisgildi þeirra nokkuð sterkt, þar sem þau mynda samfellda röð og skýra afmörkun innan götunnar. Menningarsögulegt gildi er takmarkað, en húsin endurspeglar ákveðna þróun atvinnuhúsnæðis á seinni hluta 20. aldar og geta því talist hluti af iðnaðarsögu Kópavogs.



Kort af svæðinu. Vefslóð: <https://www.map.is/kopavogur>

Hönnun: Njáll Guðmundsson
Upphafleg notkun: Athafnahús

Upphafleg gerð

Tegund: Staðsteypt og einangrað að innan

Klæðning: Pússað, hvítt

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Dúkur

Undirstöður: Klæðning að jörðu

Upphaflegt staðfang: Auðbrekka 38

Upphafleg heildarstærð: 883 m²

Núverandi stærð: Óbreytt

Nothæf stærð: 918,8 m²

Stærð lóðar: 894 m²

Nýtingarhlutfall lóðar: 1,01

Helstu breytingar: Engar breytingar

**Varðveislumat**

Listrænt gildi: Einfalt, steinsteyptuhús fyrir iðnað og atvinnustarfsemi. Einangrað að innan.

Menningarsögulegt gildi: Húsið er áhugavert frá sjónarhóli þróunarsögu athafnahúsnæðis í Kópavogi. Engir skráðir sögufrægir atburðir hafa átt sér stað í þessu húsi.

Umhverfisgildi: Húsið fellur vel að landi. Húsið og næstu hús samsvara sér vel í götummynd og mynda heilsteypa húsaröð þar sem þau eru svipuð hvað varðar hæð og form.

Upprunalegt gildi: Húsið er að mestu óbreytt.

Tæknilegt ástand: Húsið er vel byggt frá tæknilegu sjónarmiði en þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi: Lagt er til að varðveita bygginguna og heimila endurnýtingu með ofanábyggingum.

Hönnun: Gunnar Þ. Þorsteinsson

Upphafleg notkun: Athafnahús

Upphafleg gerð

Tegund: Staðsteypt og einangrað að innan

Klæðning: Pússað, hvítt

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Dúkur

Undirstöður: Pússning nær að jörðu

Upphaflegt staðfang: Auðbrekka 36

Upphafleg heildarstærð: 951 m²

Núverandi stærð: Óbreytt

Nothæf stærð: 918,8 m²

Stærð lóðar: 824 m²

Nýtingarhlutfall lóðar: 1,13

Helstu breytingar: Engar breytingar



Varðveislumat

Listrænt gildi: Einfalt, steinsteypuhús fyrir iðnað og atvinnustarfsemi. Einangrað að innan.

Menningarsögulegt gildi: Húsið er áhugavert frá sjónarhóli þróunarsögu athafnahúsnæðis í Kópavogi. Engir skráðir sögufrægir atburðir hafa átt sér stað í þessu húsi.

Umhverfisgildi: Húsið fellur vel að landi. Húsið og næstu hús samsvara sér vel í götummynd og mynda heilsteypa húsaröð þar sem þau eru svipuð hvað varðar hæð og form.

Upprunalegt gildi: Húsið er að mestu óbreytt.

Tæknilegt ástand: Húsið er vel byggt frá tæknilegu sjónarmiði en þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi: Lagt er til að varðveita bygginguna og heimila endurnýtingu með ofanábyggingum.

Hönnun: Kjartan Sveinsson
Upphafleg notkun: Athafnahús

Upphafleg gerð

Tegund: Staðsteypt og einangrað að innan

Klæðning: Pússað, hvítt

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Dúkur

Undirstöður: Pússning nær að jörðu

Upphaflegt staðfang: Auðbrekka 34

Upphafleg heildarstærð: 1192 m²

Núverandi stærð: Óbreytt

Nothæf stærð: 1188,5 m²

Stærð lóðar: 803 m²

Nýtingarhlutfall lóðar: 1,47

Helstu breytingar: Engar breytingar

**Varðveislumat**

Listrænt gildi: Einfalt, steinsteypuhús fyrir iðnað og atvinnustarfsemi. Einangrað að innan.

Menningarsögulegt gildi: Húsið er áhugavert frá sjónarhóli þróunarsögu athafnahúsnæðis í Kópavogi. Engir skráðir sögufrægir atburðir hafa átt sér stað í þessu húsi.

Umhverfisgildi: Húsið fellur vel að landi. Húsið og næstu hús samsvara sér vel í götummynd og mynda heilsteypta húsaröð þar sem þau eru svipuð hvað varðar hæð og form.

Upprunalegt gildi: Húsið er að mestu óbreytt.

Tæknilegt ástand: Húsið er vel byggt frá tæknilegu sjónarmiði.

Varðveislugildi: Lagt er til að varðveita bygginguna og heimila endurnýtingu með ofanábyggingum.

Hönnun: Kjartan Sveinsson
Upphafleg notkun: Athafnahús

Upphafleg gerð

Tegund: Staðsteypt og einangrað að innan

Klæðning: Pússað, hvítt

Þakgerð: Flatt þak

Þakklæðning: Dúkur

Undirstöður: Pússning nær að jörðu

Upphaflegt staðfang: Auðbrekka 32

Upphafleg heildarstærð: 1026 m²

Núverandi stærð: Óbreytt

Nothæf stærð: 1021,2 m²

Stærð lóðar: 809 m²

Nýtingarhlutfall lóðar: 1,47

Helstu breytingar: Engar breytingar

**Varðveislumat**

Listrænt gildi: Einfalt, steinsteypuhús fyrir iðnað og atvinnustarfsemi. Einangrað að innan.

Menningarsögulegt gildi: Húsið er áhugavert frá sjónarhóli þróunarsögu athafnahúsnæðis í Kópavogi. Engir skráðir sögufrægir atburðir hafa átt sér stað í þessu húsi.

Umhverfisgildi: Húsið fellur vel að landi. Húsið og næstu hús samsvara sér vel í götumynd og mynda heilsteypta húsaröð þar sem þau eru svipuð hvað varðar hæð og form.

Upprunalegt gildi: Húsið er að mestu óbreytt.

Tæknilegt ástand: Húsið er vel byggt frá tæknilegu sjónarmiði.



Varðveislugildi: Lagt er til að varðveita bygginguna og heimila endurnýtingu með ofanábyggingum.

Hönnun: Sigurður R. Halldórsson**Upphafleg notkun:** Athafnahús**Upphafleg gerð****Tegund:** Staðsteypt og einangrað að innan**Klæðning:** Pússað, hvítt**Þakgerð:** Flatt þak**Þakklæðning:** Dúkur**Undirstöður:** Pússning nær að jörðu**Upphaflegt staðfang:** Auðbrekka 28 og 30**Upphafleg heildarstærð:** 2267 m²**Núverandi stærð:** Óbreytt**Nothæf stærð:** 2267,3 m²**Stærð lóðar:** 1800 m²**Nýtingarhlutfall lóðar:** 1,47**Helstu breytingar:** Engar breytingar**Varðveislumat****Listrænt gildi:** Einfalt, steinsteypuhús fyrir iðnað og atvinnustarfsemi. Einangrað að innan.**Menningarsögulegt gildi:** Húsið er áhugavert frá sjónarhóli þróunarsögu athafnahúsnæðis í Kópavogi. Engir skráðir sögufrægir atburðir hafa átt sér stað í þessu húsi.**Umhverfisgildi:** Húsið fellur vel að landi. Húsið og næstu hús samsvara sér vel í götummynd og mynda heilsteypta húsaröð þar sem þau eru svipuð hvað varðar hæð og form.**Upprunalegt gildi:** Húsið er að mestu óbreytt.**Tæknilegt ástand:** Húsið er vel byggt frá tæknilegu sjónarmiði en þarfnast viðhalds.**Varðveislugildi:** Lagt er til að varðveita bygginguna og heimila endurnýtingu með ofanábyggingum.



Yfirlit fyrir þær fasteignir sem eru innan deiliskipulagssvæðisins

Fasteignanúmer	Heiti staðfangs	Merking	Notkun	Bygg.ár	Birt stærð m2
F2058763	Auðbrekka 17	0101	lðnaður	1964	310,5
F2058764	Auðbrekka 17	0201	lðnaður	1964	155
F2058765	Auðbrekka 17	0202	lðnaður	1964	142,3
F2058766	Auðbrekka 17	0301	lðnaður	1964	297,3
F2058759	Auðbrekka 19	0101	lðnaður	1964	342,6
F2058760	Auðbrekka 19	0201	lðnaður	1964	288,1
F2058761	Auðbrekka 19	0301	lðnaður	1964	288,1
F2058755	Auðbrekka 21	0101	lðnaður	1976	398,7
F2058756	Auðbrekka 21	0201	lðnaður	1976	380,8
F2058757	Auðbrekka 21	0301	lðnaður	1976	409
F2058749	Auðbrekka 23	0001	lðnaður	1967	342,7
F2058750	Auðbrekka 23	0101	lðnaður	1967	312,7
F2058751	Auðbrekka 23	0201	Gistiheimili	1967	365,8
F2058744	Auðbrekka 25-27	0101	lðnaður	1967-71	1520,9
F2058746	Auðbrekka 25-27	0301	lðnaður	1967-71	597,4
F2058741	Auðbrekka 25-27	0302	Skrifstofa	1967-71	149
Upplýsingar úr fasteignaskrá				Samtals	6300,9



Auðbrekka 17 - teikningar – Njáll Guðmundsson 1963:





Auðbrekka 19 - teikningar – Gunnar Þ. Þorsteinsson 1964:




Auðbrekka 21 - teikningar, Kjartan Sveinsson 1975:



Auðbrekka 23 - teikningar - Kjartan Sveinsson 1975:



Auðbrekka 25 - teikningar – Sigurður R. Halldórsson 1971:



Auðbrekka 27 - teikningar – Sigurður R. Halldórsson 1966:

